

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna Ólafsdals, verslunar- og þjónustusvæðis VP20.

Skipulagsstofnun staðfesti 10. október 2025 breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. apríl 2025.

Í breytingunni felst að landnotkun í Ólafsdal breytist úr afþreyingar- og ferðamannasvæði AF-10 í verslunar- og þjónustusvæði VP-20 fyrir sjósækna afþreyingu. Gert er ráð fyrir byggingu bátanausta og þjónustuhúss. Fjöldi gistirúma er 100 og hámarksbyggingarmagn 2.500 m². Svæðið stækkar um 3 ha og verður 18,3 ha að stærð eftir breytinguna. Ákvæði hverfisverndar HV-7 gildir áfram um svæðið.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 10. október 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 24. október 2025